



Fundargerð

6. fundur stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSÍ mánudaginn 11. júlí.

Mætt: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson og Lóa Björk Hallsdóttir.

Þau Fríða Rún Þórðardóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Lovísa Hreinsdóttir, Björg Ágústsdóttir og Helgi S. Haraldsson sátu ekki fund.

Formaður setti fund 20:00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt.

2. Fundargerðir fyrri funda

Fjallað um fundargerðir 4. og 5. fundar, þær samþykktar.

3. Keppendur og fylgdarmenn á frjálsíþróttakeppni ÓL í Ríó - 12.-21. ágúst 2016

Fjallað var um keppendur og fylgdarmenn á ÓL í Ríó 2016. Samantekið í neðangreinda punkta:

- ÍSÍ bauð FRÍ að útnefna einn karl útfrá kynjakvóta til keppni á Ólympíuleikum í Ríó, erindið samþykkt af stjórn rafrænt milli funda.
- Íþrótt- og afreksnefnd vann fyrir stjórn FRÍ hlutlæga valaðferð sem samþykkt var af framkvæmdastjórn ÍSÍ. Minnisblað með valaðferð áður kynnt stjórn og samþykkt rafrænt.
- Efsti karl samkvæmt valaðferðinni er Guðni Valur Guðnason kringlukastari. Stjórn staðfestir valið og Guðni Valur bætist því við keppendalista Íslands á ÓL.
- Mikil takmörk eru sett á fjölda fylgdarmanna í Ríó. Aðeins er pláss fyrir einn þjálfara með hverjum en ekki sérstaka aðra flokksstjóra eða fylgdarmenn. Fylgdarmenn verða því: Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari Anítu Hinriksdóttur, Terry McHugh, þjálfari Ásdísar Hjálmsdóttur og Guðmundur Pétur Guðmundsson, þjálfari Guðna Vals Guðnasonar.

4. Lið FRÍ á EM 16-17 ára í Georgíu - 14.-17. júlí 2016

Lið FRÍ er nú þegar lagt af stað í ferðina til Georgíu, lið samþykkt rafrænt milli funda. Keppni fer fram í Tbilisi í Georgíu 14.-17. júlí 2016. Allir íþróttamenn náðu tilskyldum lágmarkum inn á mótið og tryggðu sé þannig þátttökurétt.

Keppendur eru: Mímir Sigurðsson, FH, Andrea Kolbeinsdóttir, ÍR, Þórdís Eva Steinsdóttir, FH

Þjálfari: Aðalheiður María Vigfúsdóttir og liðsstjóri: Súsanna Helgadóttir

5. Keppendalisti fyrir HM 19 ára og yngri í Póllandi - 19.-24. júlí 2016

Rætt um lið FRÍ sem keppir í Póllandi á HM 19 ára og yngri 19.-24. júlí 2016. Fundur samþykkir að það verði skipað eftirtöldum íþróttamönnum, sem öll hafa náð auglýstum lágmarkum IAAF fyrir mótið:

Tristan Freyr Jónsson, ÍR, Thelma Lind Kristjánsdóttir, ÍR, Þórdís Eva Steinsdóttir, FH

Þjálfari: Þráinn Hafsteinsson og liðsstjóri: Súsanna Helgadóttir



6. Lið á NM U20 og NM U23ja ára

Rætt um verkefni og samþykkt að fela Unglinganefnd að gera tillögur að keppnisliðum, þjálfurum og liðsstjórn að minnsta kosti þremur vikum fyrir mót. Annars vegar fyrir NM U20 ára sem fram fer í Hafnarfirði 13. og 14. ágúst og hins vegar fyrir NM U23ja ára sem fram fer 20. og 21. ágúst í Espoo í Finnlandi. Verkefnastjóra FRÍ falið að vera Unglinganefnd innan handar með upplýsingar og annað fyrirkomulag.

7. Skipun fulltrúa í fastanefndir FRÍ

Fyrsti í hverri nefnd er formaður nefndar, samanber kjör á þingi:

Fjárhag nefnd:

Guðlaug Baldvinsdóttir, Hreinn Ólafsson og Vilhjálmur Bjarnason

Fræðslu- og útbreiðslunefnd:

Kári Jónsson, Alberto Borges og Björg Hákonardóttir

Íþrótt- og afreksnefnd:

Björn Margeirsson, Egill Eiðsson og Unnur Sig Gunnarsdóttir

Laganefnd:

Ásbjörn Karlsson, Sigurður Haraldsson og Linda Bentsdóttir

Orðunefnd:

Freyr Ólafsson, Magnús Jakobsson og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir

Öldungaráð:

Þorsteinn Magnússon, Óskar Hlynsson, Berglind Gunnarsdóttir, Friðrik Þór Óskarsson og Hafsteinn Óskarsson

Skráningarnefnd:

Stefán Þór Stefánsson, Friðrik Þór Óskarsson, Atli Örn Guðmundsson, Sigurjón Þorsteinsson og Herdís Helga Arnalds

Langhlaupanefnd:

Sigurður Þórarinsson, Friðleifur Friðleifsson, Tonie Sörensen og Guðmundur Sigurðsson

Dómaranefnd:

Þorsteinn Þorsteinsson, Guðmundur Víðir Guðmundsson, Gunnhildur Hinriksdóttir, Rósa Marinósdóttir og Sigurður Haraldsson

Móta- og mannvirkjanefnd:

Sigurður Haraldsson, Margrét Héðinsdóttir, Helgi Haraldsson, Helgi Björnsson og Ólafur Guðmundsson

Unglinganefnd:

Aðalheiður María Vigfúsdóttir, Súsanna Helgadóttir, Haraldur Úlfarsson og Kolbeinn Höður Gunnarsson

8. Önnur mál

Rætt var um fjármál FRÍ og skipulag skrifstofu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:40

Ritun fundargerðar: Freyr Ólafsson